

- 66** kvittun frá Söfnunarsjóðnum. Gjöra skal sá maður stjórnarráðinu árlega reikn-
 6 ágúst ingsskil. Hæfileg ómakslaun getur stjórnarráðið leyft honum að taka af vöxtum þeim, er útborgast.

Viðey, 17. júlí 1926.

Eiríkur Briem.

- 67**
 13. ágúst

AUGLÝSING

um

breyting á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn, frá 7. apríl 1922.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbrjefs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, skal frá 1. október næstkomandi vera 1 kr. 75 aur. um hverja klukkustund, en á helgidögum 2 kr. 25 aur., hvort sem er við flokkun fiskjar. umsjón við vigt hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

- 68**
 19. ágúst

AUGLÝSING

um

viðauka við auglýsingu 27. júlí 1926, um innflutningsbann.

Innflutningsbann það á lifandi fuglum, heyi, hálm (nema umbúða-hálmi), alidýraáburði, allskonar hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk og brúkuðum fóðurmjölsekkjum, sem birt var með auglýsingu frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 27. júlí 1926, nær einnig til innflutnings á tjeðum vörum frá Þýskalandi, Hollandi og Belgíu.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.